



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 30. nóvember 2020
ÞON20110036

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við Kjarvalsstofu - R20100432

Vísað er til bréfs, dagsett þann 2. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við fyrirspurn fulltrúa sjálfstæðisflokksins um tilefni og kostnað við fundi á Kjarvalsstofu.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Reykjavík, 30. nóvember 2020
PON20110036
ÓJS

Svar

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við Kjarvalsstofu - R20100432*

Þann 29. október 2020 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði óskar upplýsinga um hversu oft svið og skrifstofur sem undir það heyra, hafa nýtt sér aðstöðu til funda í Kjarvalsstofu og af hvaða tilefni. Óskað er eftir sundurliðuðum lista yfir tilefni, hverjir sátu fundina og hver var kostnaður hvers fundar. Þá er jafnframt óskað eftir því að kvittanir fylgi með fyrir hvern viðburð. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um kostnað við aðgangskort að Kjarvalsstofu og hverjir sé handhafar þess.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 2. nóvember 2020.

Svar:

Á fundum borgarráðs 1. og 15. október sl. voru lögð fram svör skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. september og 13. október 2020, við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um aðgang Reykjavíkurborgar að vinnustofu Kjarvals, sbr. 44. lið fundargerðar borgarráðs frá 11. júní, 16. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. september og 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. október 2020. Á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 15. október sl. var lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 13. október 2020 með afritum af reikningum.

Í þessum svörum er að finna allar þær upplýsingar sem beðið er um s.s. um korthafa, kostnað og kvittanir. Í svari borgarritara dags. 28. september kemur jafnframt fram að samningur við vinnustofu Kjarvals gildir um aðgang starfsfólks á nánar tilgreindum skrifstofum/sviðum Reykjavíkurborgar að fundaaðstöðu og annarri vinnuaðstöðu á vinnustofunni þá daga og á þeim tímum sem vinnustofa Kjarvals er opin.

Ekki hefur verið haldin nein skrá hjá einingunum yfir þá viðskiptavinum eða gesti sem hafa verið boðaðir á fundi og/eða verið boðnar veitingar á þeim fundum. Hið sama gildir um viðburði vinnustofunnar en ekki eru fyrirbyggjandi skráðar upplýsingar um það hvort tengiliðir eininganna eða starfsfólk þeirra hafa nýtt sér forgang á þá viðburði. Samningurinn við Kjarvalsstofu rann út 1. nóvember s.l. og hefur ekki verið endurnýjaður.

Að öðru leyti er vísað til þeirra ítarlegu svara og gagna sem þegar hafa lögð fram og eru opinber á vef Reykjavíkurborgar.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri